


## ✉ Efni: 5.000 tonna fiskeldi Landeldis ehf. í Þorlákshöfn, frummatsskýrsla

Búið til	26.2.2020 09:28:30
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	26.2.2020 11:42:16
Tilheyrir	 2020020001 - 5.000 tonna fiskeldi Landeldis ehf. innan lóða Laxabrautar 21, 23 og 25 vestan Þorlákshafnar, beiðni um umsögn

### Efni

Efni: 5.000 tonna fiskeldi Landeldis ehf. í Þorlákshöfn, frummatsskýrsla

### Upplýsingar

### Vinnsla

Sent	26.2.2020 11:42:16	Staða	Sent
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson (trausti@ni.is)
Til	jakob@skipulag.is

### Innihald

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 29. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frummatsskýrslu vegna 5.000 tonna fiskeldis Landeldis ehf. innan lóðar Laxabrautar 21, 23 og 25 vestan Þorlákshafnar. Sótt er um eldi á lax, bleikju og urriða, hlutfall á milli tegunda í eldi er óvíst.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir frummatsskýrsluna. Með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, eðli og staðsetningu framkvæmdarinnar og náttúrufari á framkvæmdasvæðinu telur stofnunin að gerð sé með fullnægjandi hætti grein fyrri framkvæmdinni í frummatsskýrslunni. Um er að ræða landeldi m.a. á norskum kynbættum laxi og telur Náttúrufræðistofnun landeldi í alla staði ákjósanlegri en sjókvíaeldi en úr því getur lax sloppið, og sleppur eins og komið hefur í ljós, beint út í umhverfið og valdið skaða, sem tengjist bæði sjúkdómum og erfðablöndun, á villtum laxastofnum. Þó landeldi sé betri kostur þarf engu að síður að tryggja, eins og komið er inn á í frummatsskýrslunni, að lax sleppi ekki úr fiskeldinu til sjávar en Ölfusá er ekki langt undan. Einnig leggur Náttúrufræðistofnun almennt áherslu á að allar mengunarvarnir verði sem bestar og allt rask á framkvæmdasvæðinu ekki meira en nauðsynlegt er.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is